

Fimmtudaginn 11. júní 1987.

Nr. 228/1986. **F.I.L.M. hf.**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

Borgari Garðarssyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamingur. Skaðabætur. Geymslugreiðsla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðrún Erlendsdóttir.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. ágúst 1986. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda en til vara krefst hann að til frádráttar kröfum stefnda komi geymslugreiðslur sem inntar voru af hendi 24. október 1984 og 23. febrúar 1987. Hann krefst og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir að héraðsdómur gekk var háð vitnamál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur þar sem fyrirsvarsmaður áfrýjanda, Hrafn Gunnlaugsson, kom fyrir dóm og gaf skýrslu. Hefur endurrit vitnamálsins verið lagt fyrir Hæstarétt. Þá hefur einnig verið lögð fyrir Hæstarétt kvittun Landsbanka Íslands 23. febrúar 1987 fyrir geymslugreiðslu, 786,00 krónur, með bankavöxtum frá 24. október 1984, 462,17 krónur, eða samtals 1.248,17 krónur.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta niðurstöðu hans um skyldu áfrýjanda til að greiða stefnda höfuðstól stefnukröfunnar.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi innti áfrýjandi af hendi geymslugreiðslu að fjárhæð 10.583,36 krónur 24. október 1984. Í bréfi sem lögmaður áfrýjanda ritaði af því tilefni kemur fram að af þeirri fjárhæð voru 3.549,25 krónur fyrir æfingar, 4.183,25 krónur fyrir ferðir og 2.850,86 krónur vextir frá 1. júní 1983 til greiðsludags samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands. Síðari geymslugreiðsluna innti áfrýjandi af hendi er hann taldi að láðst hefði að greiða orlofsfé með hinni fyrri geymslugreiðslu.

Skýra verður hinn áfrýjaða dóm, sem ekki hefur verið gagn-áfrýjað, þannig að geymslugreiðsla sú sem innt var af hendi 24. október 1984 skuli koma til frádráttar kröfu stefnda með þeim hætti sem áfrýjandi ætlaðist til. Ekki þykir síðari geymslugreiðslan eiga að hafa áhrif á niðurstöðu málsins. Fellur hún því til áfrýjanda sbr. 4. gr. laga nr. 9/1978 um geymslufé.

Samkvæmt þessu verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda 39.360,20 (47.092,70 - 7.732,50) krónur með vöxtum eins og í dómsorði héraðsdóms segir.

Áfrýjandi greiði stefnda 45.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, F.I.L.M. hf., greiði stefnda, Borgari Gardarsyni, 39.360,20 krónur með vöxtum eins og í dómsorði héraðsdóms greinir frá 1. júní 1983 til greiðsludags.

Áfrýjandi greiði stefnda 45.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. júlí 1986.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. júní sl., höfðaði Borgar Gardarsson, nnr. 1379-3107, Norræna húsinu, Hringbraut, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 3. desember sl. gegn F.I.L.M. hf., nnr. 2308-3116, Fálkagötu 17, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 47.092,70 með 45% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985 og með 45% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Jafnframt er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Dómkröfur stefnda eru aðallega krafa um sýknu af öllum kröfum stefn-

anda en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar verulega og fullt tillit tekið til deponeringar, sem gerð var 24. október 1984. Jafnframt er þess krafist að málskostnaður falli niður.

II.

Stefnandi lýsir málavöxtum á þá leið að stefnandi hafi verið ráðinn til að leika hlutverk í kvikmynd á vegum stefnda, sem síðar hafi hlotið nafnið Hrafninn flýgur. Gerð hafi verið drög að samningi 17. mars 1983. Stefnandi hafi farið í æfingar á vegum stefnda 4. febrúar, 3., 11., 13., 16. og 17. mars svo og 5. og 6. maí. Þar að auki hafi stefnandi farið í tvö ferðalög vegna kvikmyndarinnar 19. til 20. mars og 29. apríl til 1. maí 1983. Þann 2. maí 1983 hafi verið gerður bindandi ráðningarsamningur við stefnanda um hlutverk hans í kvikmyndinni. Um miðjan maí hafi stefnanda verið sagt upp ráðningarsamningnum, þar sem hugmyndir um hlutverkið hefðu breyst. Strax hafi verið gerð sú krafa á hendur stefnda að hann greiddi stefnanda vegna þeirrar vinnu sem hann þegar hafði innt af hendi og jafnframt skaðabætur vegna samningsrofa og hafi verið gerð krafa til stefnda um að hann greiddi stefnanda þau laun sem sá leikari hafi haft er við hlutverkinu tók. Að því er stéttarfélag stefnanda taldi hafi stefndi samþykkt þessa kröfu, en síðar eða 24. október 1984 hafi verið deponerað fyrir launum sem stefnandi hafði þegar innunnið sér, ásamt einhverjum vöxtum.

Stefnandi byggir kröfur sínar á kjarasamningi Félags ísl. leikara, almennum reglum vinnuréttar um tímabundna ráðningarsamninga eða ráðningarsamninga til ákveðins verkefnis. Kröfur sínar um bætur vegna fyrirvaralausrar uppsagnar byggir stefnandi á almennum réttarreglum vinnuréttarins og reglum um skaðabætur innan samninga. Kröfu um orlof byggir stefnandi á lögum nr. 87/1971 með síðari breytingum.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi svo: Vinnulaun vegna æfinga $9 \times 393,24 = 3.549,25$. Ferðalög $5 \times 836,65 = 4.183,25$. Samtals vegna vinnu sem innt var afhendi kr. 7.732,50. Ofan á það bætist 10.17% orlof eða kr. 786,40. Skaðabætur vegna fyrirvaralausrar riftunar ráðningarsamnings kr. 35.013,00 auk 10.71% orlofs kr. 3.560,80 eða samtals kr. 38.573,80, sem eru laun Flosa Ólafssonar fyrir það hlutverk er stefnandi hafi upphaflega verið ráðinn til. Samtals gerir þetta stefnukröfu málsins kr. 47.092,70.

III.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að aðalatriði málsins sé hvort kvikmyndaframleiðandi geti hætt við að fela leikara hlutverk í kvikmynd er honum finnst leikarinn ekki muni skila hlutverkinu á þann hátt sem að er stefnt, en ekki því hvort ráðningarsamningur hafi verið gerður. En strax og stefndi hafi vitað að samningur við stefnanda hafi verið undirritaður,

hafi hann látið stefnanda vita að hætt væri við að fela honum hlutverkið. Stefndi hafi verið reiðubúinn að greiða stefnanda strax fyrir vinnu og fyrirhöfn út af hlutverki þessu, en stefnandi hafi neitað að taka við greiðslu og því hafi greiðslunni verið deponerað.

Kvikmyndaframleiðandi hljóti að mega reyna leikara í hlutverk án þess að þurfa að ráða þá ef honum finnst leikarinn ekki passa í hlutverkið, þó ekki sé að auki að leikarinn ráði ekki við þá íþrótt sem hlutverkið krefjist líkt og hér hafi átt sér stað, sem í sjálfu sér sé aukaatriði. Þeim sem standa í gerð kvikmynda væri allt of þröngur stakkur skorinn ef þeir mættu ekki reyna leikara í hlutverk án þess að þurfa að greiða meira en fyrir þá vinnu og þá fyrirhöfn sem þurft hefði til þess að kvikmyndaframleiðandi áttaði sig á að sá sem reyndur hefði verið passaði alls ekki í hlutverkið, þó hann gæti vafalaust farið með önnur hlutverk.

Varakrafan er á því byggð að telji dómurinn stefnanda eiga rétt á einhverjum bótum beri að taka fullt tillit til hinnar deponeruðu greiðslu.

Álit dómsins.

Ekki er tölulegur ágreiningur um dómkröfu stefnanda. Ágreiningurinn virðist eingöngu vera um skaðabótakröfu stefnanda þar sem því er haldið fram af hálfu stefnda, að í deponeringu að fjárhæð kr. 10.583,36 skv. kvittun, dags. 24. október 1984, sé greiðsla á kröfu stefnanda fyrir vinnu og ferðalög að viðbættum vöxtum frá 1. júní 1983 til 24. október 1984. Ekki hefur verið upplýst við hvaða vaxtafót var miðað. Undir rekstri málsins var því lýst yfir að það hafi verið mistök þá er greiðslu var deponerað að deponera ekki kr. 786,40 vegna orlofs og væri stefndi fús til þess að inna þá greiðslu af hendi hvenær sem væri.

Hvernig sem rétti kvikmyndaframleiðanda til þess að reyna leikara í hlutverk, án eftirfarandi ráðningar, eða rétti til þess að geta hætt við að fela leikara hlutverk í kvikmynd er háttáð, þá er það svo, í því máli sem hér er til úrlausnar, að þegar stefndi hætti við að láta stefnanda leika í kvikmyndinni, sem síðar hlaut nafnið Hrafninn flýgur, þá hafði verið gerður fyrirvaralaus ráðningarsamningur við stefnanda. Þegar af þeirri ástæðu ber að fella fébótaábyrgð á stefnda á því tjóni sem þessi samningsrof hafa valdið stefnanda, enda hefur ekki verið sýnt fram á að um samningsgerð kvikmyndaframleiðenda gildi sérreglur. Þar sem ekkert er fram komið um að stefnandi hafi haft tekjur á ráðningartímanum hefur tjón hans að minnsta kosti numið þeim launum sem hann missti af, þ.e. þau laun og orlof sem greidd voru fyrir það hlutverk sem stefnandi var upphaflega ráðinn til, og verður skaðabótakrafa stefnanda því tekin til greina.

Niðurstaða málsins verður því sú að stefndi er dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 47.092,70 með vöxtum eins og segir í dómsorði að frádragn-

um kr. 10.583,36, sem deponerað var 24. október 1984, sbr. kvittun á dskj. 22.

Málskostnaður ákveðst kr. 23.000,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, F.I.L.M. hf., greiði stefnanda, Borgari Garðarssyni, kr. 47.092,70 með 45% ársvöxtum frá 1. júní 1983 til 21. september 1983, með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 30% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, með 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986 og með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 10.583,36, og kr. 23.000,00 í málskostnað.

Föstudaginn 12. júní 1987.

Nr. 330/1986. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Magnúsi Friðrik Óskarssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Líkamsárás leiðir til dauða.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Halldór Þorbjörnsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.